

3. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 26. mars 2020

Þátttakendur

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Einar Kristjánsson, bæjarritari, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestur: María Hermannsdóttir, leikskólastjóri

Staðan almennt

737 smit á landinu þar af eru 34 smit á Suðurnesjum

Sviðin hvert fyrir sig:

Skólinn:

Óbreytt staða.

Frístund

Óbreytt staða.

Leikskólinn

Bréf frá Almannavörnum var sent til foreldra í gær sem útskýrði öryggi barna vegna Covid 19 og foreldrar voru beðin um að senda börn í skóla og leikskóla. Fram hefur komið að þetta bréf var að valda talsverðum misskilning hjá starfsfólki í nokkrum sveitarfélögum og var því ákveðið að senda bréfið áfram til foreldra með haus sem sagði að skipulagið frá 16. mars væri ennþá í gildi.

Síðustu tvær vikur hafa gengið mjög vel, en þó hafa verið einhver veikindi í þessari viku en það hefur tekist að leysa málin. Álagið er ekki eins mikið og reiknað var með þar sem um 40% barna koma ekki í leikskólann. Starfsfólkið hefur verið mjög rólegt of yfirvegað.

Í matartímum er matur keyrður að dyrum hverrar einstakar deildar og maturinn er borðaður inni á deildum. Eftir mat er vagninn settur fram á gang og starfsfólk eldhús kemur í hönskum, eins og þau í raun hafa gert frá því að hættustigi var lýst yfir.

Álfagerði

Óbreytt staða.

Íþróttamiðstöðin

Óbreytt staða.

Skrifstofan

Óbreytt staða.

Umhverfismiðstöðin

Óbreytt staða.

Önnur mál

Ekkert